



Innheimtumiðstöð réttihafa (IHM)
Borgartúni 25
105 Reykjavík

Dagsetning 20. desember 2024
Málsnúmer MVF23090258

VIÐURKENNING

til sameiginlegrar umsýslu tiltekinna höfundaréttinda

Menningar- og viðskiptaráðuneytið vísar til umsóknar Innheimtumiðstöðvar réttihafa (IHM), dags. 2. janúar 2023 og 17. mars 2023, um viðurkenningar vegna umsýslu höfundaréttar á grundvelli 4. mgr. 11. gr., 1. mgr. 23. gr. a og 1. mgr. 23. gr. b höfundalaga nr. 73/1972 (höfundalög). Sótt er um endurnýjun viðurkenningar með vísan til 4. mgr. 26. gr. a höfundalaga og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 821/2021 um viðurkenningu sameiginlegra umsýslustofnana samkvæmt höfundalögum (reglugerð nr. 821/2021). Við yfirferð umsóknar IHM hefur ráðuneytið verið í samskiptum við IHM, óskað skýringa á þeim atriðum sem þóttu óljós og leiðbeint um afmörkun umsóknar. Hefur IHM komið á framfæri skýringum og gert viðeigandi úrbætur á umsókn.

Nánar tiltekið er í umsókn IHM sótt um viðurkenningu til eftirfarandi umsýslu höfundaréttar:

- Til að innheimta og úthluta bótum vegna eintakagerðar til einkanota af birtum verkum sem hefur verið útvarpað, í hljóðvarpi og/eða sjónvarpi sbr. 5. mgr. 2. gr. höfundalaga, hafa verið gerð aðgengileg almenningi þannig að hver og einn getur fengið aðgang að verkinu á þeim stað, á þeirri stundu og með þeim búnaði er hann sjálfur kys eða hafa verið gefin út á hljóðriti eða myndriti, sbr. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga.
- Á grundvelli 1. mgr. 23. gr. a höfundalaga til að gera sammingskvaðasamninga og sjá um umsýslu þeirra vegna endurvarps til almennings um kapalkerfi, óbreytt og samtímis hinni upphaflegu útsendingu, í hljóðvarpi og/eða sjónvarpi, sbr. 5. mgr. 2. gr. höfundalaga, eða um gervihnött
- Á grundvelli 1. mgr. 23. gr. b höfundalaga til að gera sammingskvaðasamninga og sjá um umsýslu þeirra til handa útvarpsstöðvum, bæði er varðar hljóðvarp og sjónvarp sbr. 5. mgr. 2. gr. höfundalaga, vegna nota þeirra á verkum úr safni sínu til endurútsendingar og til að gera þau aðgengileg á Íslandi þannig að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys, sem og til þess að gera eintök af verkunum sem nauðsynleg eru í því skyni að senda þau út eða gera þau aðgengileg á Íslandi. Einungis er sótt um viðurkenningu vegna verka sem send hafa verið út fyrir gildistöku höfundalaga og teljast til eigin framleiðslu viðkomandi útvarpsstöðvar, sbr. ákvæði í síðasta málslið 1. mgr. 23. gr. b höfundalaga.

Í umsóknargögnum kemur fram að IHM sé sameiginleg umsýslustofnun þar sem eingöngu réttihafasamtök eru félagsaðilar, nánar tiltekið STEF, SFH, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndasleikstjóra, Félag leikstjóra á Íslandi, Hagþenkir, Myndstef og Félag leikskálda og handritshöfunda. Jafnframt kemur fram í umsóknargögnum að IHM sé í forsvari fyrir verulegan fjölda réttihafa verka sem sammingskvaðaheimild 1. mgr. 23. gr. a og 1. mgr. 23. gr. b höfundalaga tekur til og sem umsýsla bóta á grundvelli 4. mgr. 11. gr. höfundalaga tekur til. Einnig hefur IHM upplýst ráðuneytið um að samtökin hafi gert gagnkvæmnissamninga við nokkur erlend systurfélög hvað slík verk varðar og sent ráðuneytinu afrit af þeim samningum sem óskað var eftir.

Fyrir liggur að IHM hefur falið félagsaðilum sínum úthlutun og útborgun réttindagreiðslna og bóta líkt og heimilt er skv. 24. gr. umsýslulaga, sbr. samþykktir IHM og stefnu samtakanna um greiðslur til rétthafa. Félagsaðilar IHM eru því bundnir af 6. mgr. 1. gr. umsýslulaga. IHM hefur einnig ákveðið til samræmis við heimild 24. gr. umsýslulaga að aðildarfélög þess skuli sjá um um gerð gagnsæisskýrslu skv. 23. gr. umsýslulaga varðandi þá úthlutun og útborgun sem aðildarfélög þess sjá um. Í samþykktum IHM er því kveðið á um að aðildarfélögum þess beri að sjá um samningu gagnsæisskýrslu til samræmis við ákvæði 23. gr. umsýslulaga og að þeim skýrslum beri að skila til IHM árlega. IHM er jafnframt skylt að birta gagnsæisskýrslur félagsaðila sinna á opinberum vef sínum.

Við yfirferð umsóknar IHM hefur ráðuneytið haft hliðsjón af þeim kröfum sem fram koma í höfundalögum, umsýslulögum og reglugerð nr. 821/2021. Við meðferð málsins hefur sérstök áhersla verið lögð á þau almennu skilyrði sem fram koma í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 821/2021, sem allar sameiginlegar umsýslustofnanir þurfa að uppfylla til að hljóta viðurkenningu:

- IHM hefur fært sönnur á að samtökin séu í forsvari fyrir nægilegan fjölda útsendra verka sem samningskvaðaheimildir 1. mgr. 23. gr. a og 1. mgr. 23. gr. b höfundalaga taka til og sem bótaákvæði 3. mgr. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga nær til.
- Öll aðildarfélög IHM hafa undirritað skýrt og ótvírætt umboð til samtakanna þar sem fram kemur að IHM hafi umboð frá félagsmönnum og aðildarfélögum þeirra til þeirrar umsýslu sem viðurkenningin tekur til, í samræmi við það sem tilgreint er og kveðið er á um í samþykktum IHM á hverjum tíma, sbr. ákvæði 2.-5. gr. laga nr. 88/2019.
- Fyrir liggja upplýsingar, þ.m.t. ársreikningur og gagnsæisskýrslur IHM, sem sýna fram á fjárhagslegt hæfi og stjórnsýslulega getu IHM til umsýslu réttinda í samræmi við ákvæði II.-V. kafla laga nr. 88/2019.
- IHM hefur sýnt fram á verkferla vegna innra eftirlits og fjárvörslu vegna umsýslu fjármuna í þágu félagsmanna í samræmi við ákvæði laga nr. 88/2019.
- IHM hefur haft umsýslu með höfundaréttindum félagsaðila sinna á þeim sviðum sem samþykktir IHM greina frá árinu 1984 og því hafa samtökin fest sig í sessi sem umsýslustofnun á því sviði. Það er því mat ráðuneytisins að samtökin hafi nægilega getu til að sjá um innheimtu og útborgun höfundaréttargreiðslna á forsvaranlegan hátt.
- IHM hefur, á grundvelli starfsemi sinnar um árabíl, þekkingu á markaðsmálum á verksviði sínu og reynslu af samningskvaðagerð.

Með hliðsjón af ofangreindu telst IHM vera í forsvari fyrir verulegan hluta rétthafa á því sviði sem viðurkenningin tekur til. Þá er það mat ráðuneytisins að samtökin hafi nægilega getu til að sjá um innheimtu og útborgun réttindatekna í samræmi við ákvæði umsýslulaga.

Í ljósi framanritaðs og þeirra gagna er lögð hafa verið fram af hálfu samtakanna til ráðuneytisins er Innheimtumiðstöð rétthafa, IHM, hér með viðurkennd sem samtök rétthafa til þess bær að gera og hafa umsýslu með samningskvaðasamningum skv. 1. mgr. 23. gr. a og 1. mgr. 23. gr. b höfundalaga og umsýslu bóta á grundvelli 4. mgr. 11. gr., sbr. 4. mgr. 26. gr. a höfundalaga nr. 73/1972.

Viðurkenning þessi er ótímabundin en forsenda viðurkenningar ráðuneytisins er að eftirfarandi skilyrði séu og verði áfram uppfyllt af hálfu IHM:

1. IHM verði allt umrætt viðurkenningartímabil talið vera í forsvari fyrir verulegan hluta rétthafa þeirra verka er viðurkenningin tekur til og nýtt eru á Íslandi.
2. IHM skuldbindi sig, ef beiðni þar að lútandi berst, til að upplýsa menningar- og viðskiptaráðuneytið um viðeigandi málefni samtakanna, sbr. 2. mgr. 36. gr. umsýslulaga.
3. Starfsemi IHM fari fram innan gildandi laga, þ.m.t. höfundalaga nr. 73/1972, laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019 og reglugerðar nr. 821/2021 um viðurkenningu sameiginlegra umsýslustofnana samkvæmt höfundalögum. IHM ber jafnframt að virða þær alþjóðaskuldbindingar sem Ísland hefur tekist á hendur.

4. IHM kynni með skýrum hætti á vefsíðu sinni að samtökin njóti viðurkenningar ráðuneytisins til að gera samningskvaðasamninga á grundvelli 1. mgr. 23. gr. a og 1. mgr. 23. gr. b höfundalaga og hafa umsýslu með bótum skv. 4. mgr. 11. gr. höfundalaga, ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að réttthafi sem er utan samtakanna geti gert kröfur um einstaklingsbundna þóknun, sbr. ákvæði 3. mgr. 26. gr. b höfundalaga og, ef við á, bannað not verka sinna á grundvelli samningskvaðasamnings sem gerður er á grundvelli þessarar viðurkenningar.

5. IHM sendi ráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemina, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar 821/2021.

6. IHM birti gagnsæisskýrslur aðildarféлага sinna á opinberum vef sínum sbr. 7. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 821/2021.

Uppfylli umsýslustofnun ekki lengur þau skilyrði sem sett eru í höfundalögum, umsýslulögum og reglugerð nr. 821/2021 getur ráðherra afturkallað viðurkenningu þessa skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

F.h. ráðherra


Sigrún Brynja Einarisdóttir
ráðuneytisstjóri


Arna Kristín Einarisdóttir
skrifstofustjóri